

REGLUR

um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands er fræðslu-, þróunar- og þjónustustofnun starfrækt af Háskóla Íslands og aðildarfélögum undir nafninu „Endurmenntun Háskóla Íslands“. Hún lýtur yfirstjórn háskólaráðs.

Endurmenntunarstofnun veitir prófskírteini sem staðfesta að viðkomandi hafi lokið námi á vegum stofnunarinnar sem og skírteini fyrir þátttöku í námskeiðum. Endurmenntunarstofnun hefur hins vegar ekki heimild til þess að veita lærdómstitla sbr. 54. gr. sam-eiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

Að fenginni tillögu Endurmenntunarstofnunar getur háskólaráð heimilað að félög háskólamanna og aðrir skólar á háskólastigi taki þátt í stjórn stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samstarfssamningi, sem háskólaráð gerir um það efni.

2. gr.

Markmið.

Markmið Endurmenntunarstofnunar er að veita háskólamenntuðu fólki og almenningi fjölbreytt tækifæri til sí- og endurmenntunar. Starfsemi stofnunarinnar nær einnig til opinberra stofnana, félagasamtaka og einkafyrirtækja. Stofnunin ber ábyrgð á faglegu inntaki námskeiða á hennar vegum, þar á meðal vali á kennurum, skipulagi náms, miðlun og náms-efni.

3. gr.

Hlutverk.

Hlutverk Endurmenntunarstofnunar er m.a.:

- a. að þróa og halda námskeið fyrir háskólamenntað fólk á þeirra fagsviði,
- b. að þróa og halda námskeið fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni,
- c. að þróa og bjóða lengra nám samhliða starfi,
- d. að efna til og viðhalda samstarfi við þá aðila, sem stuðlað geta að auknu og betra framboði námskeiða, þ.m.t. fagfélög, stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki,
- e. að eiga samstarf við deildir Háskóla Íslands um þróun og framkvæmd námskeiða,
- f. að kynna og markaðssetja námskeiðsframboð stofnunarinnar,
- g. að afla, viðhalda og miðla þekkingu á sviði símenntunar m.a. með þátttöku í ráðstefnum, námskeiðum og alþjóðlegu samstarfi.

4. gr.

Stjórn.

Háskólaráð skipar stofnuninni tólf manna stjórn til tveggja ára í senn. Sex þeirra og jafnmargir til vara eru skipaðir beint af háskólaráði án tilnefningar og skulu þeir allir vera úr hópi háskólakennara. Sex stjórnarmanna og jafnmargir til vara eru skipaðir af háskólaráði samkvæmt tilnefningu aðila að samstarfssamningi um stofnunina, sbr. 3. mgr. 1. gr.

Stjórnin kys sér formann og varaformann úr þeim hópi sem háskólaráð skipar án tilnefningar. Stjórninni er heimilt að mynda þriggja manna framkvæmdastjórn undir forystu stjórnarformanns. Umboð framkvæmdastjórnar ræðst af ákvörðun stjórnar.

Þeir aðilar að samstarfssamningi, sbr. 3. mgr. 1. gr., sem ekki eiga fulltrúa sinn sem aðalmann í stjórn, mega tilnefna áheyrnarfulltrúa sem hefur seturétt á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

5. gr.

Stjórnarfundir.

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, og með hæfilegum fyrirvara. Fundarboð skal greina frá dagskrá fundar.

Skýlt er að boða stjórnarfundir óski þeir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann, eða sá sem sækir fundinn í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum.

Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum.

Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu senda rektor.

Endurmenntunarástjóri situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt, en án atkvæðisréttar.

Um afgreiðslu mála á stjórnarfundum fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga.

6. gr.

Verkefni stjórnar.

Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir fyrir Endurmenntunarstofnun og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart yfirstjórn háskólans. Meðal verkefna stjórnar er að samþykkja starfs- og rekstraráætlanir og yfirfara ársreikninga. Afrit starfs- og rekstraráætlananna skulu lögð fyrir háskólaráð ásamt forsendum verðlagningar á þjónustu stofnunarinnar.

7. gr.

Forstöðumaður og starfsmenn.

Rektor ræður stofnuninni forstöðumann, endurmenntunarástjóra, samkvæmt tillögu stjórnar og setur honum erindisbréf. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri stofnunarinnar og sér um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum.

Forstöðumaður er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

8. gr.

Fjármál.

Tekjur Endurmenntunarstofnunar eru:

- a. námskeiðsgjöld,
- b. greiðslur frá aðilum samstarfssamnings, sbr. 3. mgr. 1. gr.,
- c. styrkir og annað sjálfsaflafé.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi Háskóla Íslands.

Verðskrá skal ákvörðuð þannig, að þátttökugjöld í námskeiðum og öðru námi á vegum stofnunarinnar séu ekki hærri en sá kostnaður sem til verður við að veita þjónustuna og skal gjöldunum eingöngu varið til þess að standa straum af þjónustu stofnunarinnar, sbr. 70. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Stofnunin nýtur sjálfstæðis varðandi húsnæðismál og ráðstöfun sjálfsaflafjár innan ramma fjárhagsábyrgðar háskólaráðs, sbr. m.a. 2. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands og skal upplýsa háskólaráð og rektor fyrirfram um allar veigameiri ráðstafanir.

9. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. sameiginlegra reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla

Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 540/1991 um Endurmennt-unarstofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð um greiðslur
almannatrygginga í lyfjakostnaði nr. 948/2000.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr.:

- a. Á eftir orðunum „A 06 A Hægðalyf“ í 1. mgr. kemur:
A 07 F A Örverur með stoppandi verkun
A 08 A Lyf við offitu, önnur en sérfæði
- b. Á eftir orðunum „D 11 Önnur húðlyf, þ. á m. lyfjasápur“ í 1. mgr. kemur:
G 02 B Staðvirk getnaðarvarnalyf
- c. Í stað orðanna „J 05 A H Neuroamínídasahemlar“ í 1. mgr. kemur:
J 05 A H Neuramínídasahemlar.
- d. Við 2. mgr. bætist:
H 01 C A Gónadótrópínleysandi hormón; ábending legslímvilla (ICD-10 flokkur N80)
L 02 A E 04 Triptórelín, ábending legslímvilla (ICD – 10 flokkur N80) og snemmkominn kynþroski (ICD – 10 flokkur E30.1)
- e. 3. mgr. orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í greiðslu lyfja sem fáanleg eru í lausasölu (afgreiðslumerking „L“ í lyfjaskrá), ef undan eru skilin lyf í ATC-flokkum A 02B A, A 12 B A, G 03 C A 04, M 01 A E 01, M 01 A E 02, P 01 B C 01, R 06 A E 07, R 06 A X 13 og S 01 X A, sem greiðast skv. 6. gr. (E-merking) og lyf í ATC-flokki C 01 D A 02, sem greiðast skv. 5. gr. (B-merking). Í undantekningartilvikum tekur Tryggingastofnun ríkisins þó þátt í greiðslu L-merktra lyfja skv. 10. gr. og miðast greiðsluþátttökan þá við greiðsluþátttökuverð, sbr. 4. mgr. 3. gr.

2. gr.

Á eftir 7. gr. kemur ný grein, sem verður 8. gr., er orðast svo:

Reglugerð þessi tekur einnig til lyfja sem skömmtuð eru eftir beiðni lækis. Heimilt er að greiða hlutfallslega fyrir hvert skammtað tímabil miðað við 30/100 daga notkun sbr. 2. gr.

3. gr.

8. grein verður 9. grein.